

Skólaráðsfundur 14. janúar 2026

Mætt eru: Herdís Erna Gunnarsdóttir; skólastjóri, Guðmundur Kári Þorgrímsson; deildarstjóri grunnskóla, Katrín Kristjánsdóttir; fulltrúi grunnskólakennara, Lína Þóra Friðbertsdóttir; fulltrúi foreldra og Ragnheiður Helga Bæringsdóttir; fulltrúi grunnskólakennara ritaði fundargerð.

Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir fulltrúi foreldra barna í leikskóla; Íris Dröfn Brynjólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir; fulltrúi starfsmanna leikskólans boðuðu forföll. Daldís Ronja Jensdóttir Línal og Aðalheiður Rós Unnsteinsdóttir; fulltrúar nemenda sátu ekki þennan fund.

Guðrún Erna Magnúsdóttir fulltrúi grendarsamfélags hefur lokið setu í Skólaráði og kunnum við henni bestu þakki fyrir hennar störf.

Óskað hefur verið eftir tillögum að nýjum fulltrúa grenndarsamfélagsins.

Fundur haldinn á skrifstofu deildarstjóra grunnskóla og hófst kl. 14:45

Dagskrá fundar:

1. Skólastjóri kynnir stuttlega helstu verkefni skólaráðs fyrir nýjum fulltrúum.
2. Skólastjóri fer yfir málefni síðasta fundar.
3. Læsisstefna
Uppfæra þarf læsisstefnu í samræmi við menntastefnu Dalabyggðar og lög og reglugerðir. Umræður um heimanám og heimalestur. Sigurlaug Brynleifsdóttir læsisfræðingur kemur verður með fræðsluerindi um lestrarkennslu fyrir starfsfólk og foreldra 26. janúar nk. Koma læsisfræðings er samvinnuverkefni foreldrafélagsins og skólans.
4. Endurskoðaðar skólareglur
Skólareglur hafa verið kynntar fyrir starfsfólki en ekki nemendum og foreldrum. Skólaráð leggur áherslu á að skólareglur verði kynntar fyrir foreldrum. Stungið er upp á að nemendur fái tækifæri til að kynna skólareglur fyrir foreldrum sínum.
5. Bekkjarstjórnun
Plató greiningarrámmi – notaður til greina og meta bekkjarstjórnun. Deildarstjóri mun líta inn í kennslustundir. Skólastjóri fagnar þeim aðgerðum sem farið hefur verið í til bættrar bekkjarstjórnunar af hálfu staðgengils skólastjóra. Væntingar til aukinnar bekkjarstjórnunar eru miklar af hálfu skólastjórnenda, en um leið er þetta líka ákall til foreldra að vinna með skólanum í agamálum.
6. Öryggisáætlun Auðarskóla
Ný og endurbætt öryggisáætlun hefur verið samþykkt af Vinnueftirlitinu. Skólaráð hvetur stjórnendur til að setja kynningu á öryggisáætlun á dagskrá fyrir starfsfólk skólans.
7. Febrúarfundur skólaráðs
Framvinduskýrsla Ytra mats 2020 vegna grunnskóla verður kynnt fulltrúum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.